

Sænska akademían tilkynnti 27. október 1955 þá ákvörðun sína að Halldór Laxness skyldi hljóta Nóbelsverðlaun þess árs fyrir bókmenntir. Þá hafði Halldór um nokkurra ára skeið verið meðal þeirra höfundar sem talið var að helst kæmu til greina, ekki síst næstu tvö árin á undan, 1953 þegar Winston Churchill hlaut verðlaunin nokkuð óvænt og 1954 þegar þau komu í hlut Ernests Hemingway.

Í rökstuðningi Nóbelsnefndar akademíunnar segir að Halldór Kiljan Laxness hljóti verðlaunin „fyrir litríkan sagnaskáldskap sinn sem hefur endurnýjað hina miklu íslensku frásagnarlist.“

Afhending verðlaunanna fór fram í Konserthúsinu í Stokkhólmi 10. desember 1955 þar sem Halldór tók við skjali og heiðurspeningi úr hendi Gústafs Adolfs sjötta Svíakonungs. Norrænuprófessorinn Elias Wessén kynnti verðlaunahafann í ræðu og sagði meðal annars: „Sú var tíð að margir íslenskir rit-höfundar völdu sér annað norrænt mál en íslensku til að rita bækur sínar á og ollu þar ekki einvörðungu fjárhagsástæður, heldur einnig það að þeir vantreystu íslenskri tungu sem tæki til listrænnar sköpunar. Mikilvægasta afrek Laxness er ef til vill að hann hefur endurnýjað íslenska tungu til listrænnar túlkunar í óbundnu máli og með fordæmi sínu gefið íslenskum rithöfundum djörfung til að beita móðurmáli sínu.“



Halldór og Auður með Nóbelskjalíð.

Um kvöldið 10. desember var hátíðarkvöldverður að venju haldinn í Ráðhúsinu í Stokkhólmi að viðstöddum miklum fjölda boðsgesta. Stúdentar settu mikinn svip á veisluhöldin. Meðal viðstaddra Íslendinga voru auk Auðar Laxness ýmsir vinir og velunnarar Halldórs, svo sem Ragnar Jónsson útgefandi hans og prófessorarnir Jón Helgason og Sigurður Nordal, og einnig útgefendur og þýðendur skáldsins frá nokkrum löndum.

Í þakkarræðu sinni sagði Halldór meðal annars: „En ef íslenskt skáld gleymir upphafi sínu í þjóðar-djúpinu þar sem sagan býr; ef hann missir samband sitt og skyldu við það líf sem er aðþrengt, það líf sem hún amma mín gamla kendi mér að búa öndvegi í huga mér – þá er frægð næsta lítils virði; og svo það hamingjulán sem hlýst af fé.“

Ragnar Jónsson lýsti áhrifum ræðunnar í bréfi sem hann skrifaði heim frá Stokkhólmi: „Fyrstu aðal-ræðuna flutti Laxness, stórkostlega ræðu, sem greip mig svo ég flaut út í tárur og nokkur högl sá ég hlaupa ofan kinnarnar á Jóni Helgasoni prófessor, sem sat við næsta borð. Ræðunni var tekið með óstöðvandi hrifningu.“

Halldór var staddur í Gautaborg hjá þýðanda sínum og talsmanni Peter Hallberg þegar tilkynnt var um verðlaunin 27. október. Rómri viku síðar, 4. nóvember kom hann með Gullfossi til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn. Mikill mannfjöldi hylti skáldið á bryggjunni en Alþýðusamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna stóðu þar fyrir samkomu til að fagna heimkomu Halldórs. Ræður fluttu forsetar þessara samtaka, Hannibal Valdimarsson og Jón Leifs.

Halldór svaraði með stuttu ávarpi sem oft er vitnað til, þar sem hann þakkaði íslenski alþýðu og gerði að sínum orð skálds sem sent hafði ástmey sinni ljóð. Þegar hún þakkaði honum ljóðin hafði skáldið komist svo að orði: „Þakka þú mér eigi fyrir þessi ljóð; það varst þú sem gafst mér þau öll saman áður.“



Halldór við verðlaunaafhendinguna ásamt Svíakonungi.



Nóbelskjalíð.

